

Fundur stýrihóps um heilsueflandi samfélag haldinn í Ráðhúsi Borgarbyggðar 26. október 2017 kl.16.00.

Mætt: Gunnlaugur A. Júlíusson, Geirlaug Jóhannsdóttir, Guðrún S. Hilmisdóttir, Lilja S. Ólafsdóttir, Pálmi Blængsson, Guðrún María Harðardóttir, Aron Páll Hauksson og Dagbjört Diljá Haraldsdóttir. Kristín Gísladóttir, Jakob Guðmundsson, Linda Kristjánsdóttir og Freyja Þöll Smáradóttir boðuðu forföll. Fundargerð ritaði Anna Magnea Hreinsdóttir.

Dagskrá:

1. Umsókn í Lýðheilsusjóð

Drög að umsókn í Lýðheilsusjóð kynnt. Sótt verður um styrk m.a. til að halda fræðslufundaröð og til að fá næringaráðgjafa til að yfirfara matseðla og uppskriftir í mötuneytum Borgarbyggðar. Einnig til að þróa skipulagðar hreyfistundir, hugleiðslu og jórgastundir í skólum.

2. Fræðslufundaröð veturinn 2017-2018

Hugmyndir að fræðslufundaröð í vetur ræddar. Rætt um að boðið yrði uppá fræðslu t.d. í Lyngbrekku, Þinghamri, á Hvanneyri og í Borgarnesi um geðrækt, líðan, lífsgæði, hreyfingu, svefn og næringu. Hugmyndum um fyrirlesara varpað fram og tímasetningar ræddar. Önnu Magneu falið að draga upp dagskrá og hafa samband við fyrirlesara.

3. Dagskrá fyrir eldri borgara í íþróttahúsum Borgarbyggðar

Dagskrá fyrir eldri borgara í íþróttahúsum Borgarbyggðar hefur verið skipulögð og kynnt með auglýsingu í Íbúanum. Í boði er:

Göngur innandyra í íþróttasölum íþróttamiðstöðva Borgarbyggðar í Borgarnesi:

Mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 12:00 - 12:40

Laugardaga kl. 17:00 - 18:00 (gæti fallið niður vegna móta yngri flokka)

Á Kleppjárnsreykjum:

Mánudaga og föstudaga kl. 13:45 - 16:00

Á Varmalandi:

Á skólatíma. Einnig geta eldri borgarar fengið aðgang að félagsheimilinu til hreyfingar.

Þreksalir

Þreksalir eru opnir í Borgarnesi, á Kleppjárnsreykjum og á Varmalandi.

Í Borgarnesi eru sérstakir tímar í þreksal fyrir eldri borgara

á föstudögum kl.13:15-14:00 Íris Grönfeldt leiðbeinir.

4. Tilboð í útiæfingatæki og endurbætur á gangstéttum og göngustígum

Áætlað er að um 40 milljónir fari í endurbætur og lagningu göngustíga og gangstétta á árinu 2018. Rætt um uppsetningu á útiæfingatæki og ýmsar útfærslur skoðaðar. Starfshópur á vegum UT sviðs er að störfum við að skipuleggja göngustíga og var Pálma Blængs falið að vera í sambandi við hópinn um heppilegar staðsetningar á útiæfingatækjum.

5. Merkingar fyrir fjallgöngur og framhald á reglulegum göngum.

Pálmi sagði frá átta skiltum sem gerð voru í tengslum við verkefni UMFI „Fjölskyldan á fjallið“ um gönguleiðir á átta fjöll og er fyrirhugað er að setja skiltin upp fyrir vorið. Einnig er verið að kortleggja gönguleiðir í Borgarfirði og eru uppi hugmyndir um að útbúa einhvers konar göngukort eða vegabréf með stimplum eða að nota app til að hvetja íbúa til göngu.

Fleira ekki gert. AMH

Fundi slitið kl.17.00